

FUNDARGERÐ

321. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Þingmúla, Hótel Valaskjálfi, Egilsstöðum, fimmtudaginn 23. mars 2023 kl. 15:30.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Undirbúningur fyrir aðalfund
 - 2 Jarðhitaleit á Búlandsnesi og í Eiðabínghá
 - 3 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps
 - 4 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar
 - 5 Önnur mál
 - a. Ekkert bókað
-

1 Undirbúningur fyrir aðalfund

Fundarmenn fóru yfir helstu mál fyrir aðalfund.

2 Jarðhitaleit á Búlandsnesi og í Eiðabínghá

Framkvæmdastjóri gerði stuttlega grein fyrir stöðu mála. Áform eru um fastskorðað samtal við Orkustofnun og Orkusjóð um stuðning stofnunarinnar og stjórnvalda við jarðhitaleitarverkefni félagsins. Þá gerði framkvæmdastjóri grein fyrir niðurstöðu samtals við borverktaka sem væntanlegur er á Austurland síðsumars eða í haust. Verkefni okkar á Búlandsnesi er á lista verktakans og því mikilvægt að undirbúningsvinna gangi hratt og vel.

3 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps

Vinna starfshópsins er hafin. Hópurinn fundar vikulega, 4 fundir hafa verið haldnir auk vettvangsheimsóknar með fulltrúum Tandraorku sem rekur viðarperluofna sem nýta má til kyndingar fjarvarmaveitu. Framkvæmdarstjóri fór lauslega yfir stöðu vinnunnar í hópnum. Til kynningar.

4 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar

Búnaður í holunni, þmt. dælan var í betra standi en vonir sérfræðinga stóðu til. Á lager HEF er flest það efni sem skipta þarf í holunni, svo kostnaður er fyrirsjáanlega mun minni en áætlað hafði verið. Því ákvað framkvæmdastjóri í samráði við verkstjóra halda fyrirkomulagi dælu og búnaðar óbreyttu. Vinna er í gangi við hreinsun og standsetningu röra og búnaðar og verðu settur niður á næstu vikum.

5 Önnur mál

a. Ekkert bókað

Næsti fundur verður aðalfundur 2023, kl. 16:30.

Fundi slitið kl. 16:05

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2023

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |